

Umsókn um framkvæmdaleyfi

Dags.: 26.02.2024

Skipulags- og byggingadeild
B/t Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi Árborgar

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi

Með umsókn þessari sækir mannvirkja- og umhverfissvið um framkvæmdaleyfi fyrir endurnýjun götu, lagna og yfirborðsfrágangs vegna „Rauðholt“ á Selfossi.


Skýringartexti Bárðar Árnasonar hönnuðar hjá Eflu verkfræðistofu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar við Rauðholt:

Verktaki skal jarðvegsskipta götu, endurnýja fráveitu-, vatnsveitu-, hitaveitu-, ljósastaurarlagnir og ljósastaura. Verktaki skal einnig malbika götu, steypa kantsteina, malbika hjólastíg, helluleggja gangstéttar og gera trjábeð milli gangstéttar og hjólastígs. Helluleggja þarf hraðahindranir og gera niðurtektir með dopphellum og leiðarlínuhellum fyrir gangandi umferð ásamt niðurtektum fyrir hjólasstíg. Að lokum skal setja upp umferðamerki og mála umferðamerkingar.

Allar þær nauðsynlegu öryggisráðstafanir sem gera þarf á vinnusvæðinu meðan verk er í vinnslu, mun framkvæmdaeftirlit verkkaupa sjá til að verði útfærðar í samráði við verkkaupa og verktaka.

Við allar öryggisráðstafanir, svo og vörlu og lýsingu svæðisins, skal verktaki fara eftir gildandi reglum Vinnueftirlits ríkisins, svo sem Reglugerð um aðbúnað og hollustuhætti á byggingarvinnustöðum nr. 547 frá 1996, Leiðbeiningar um vinnuvernd nr. 2 frá 1990, Öryggi við skurðgröft og gryfjur og birtutöflur frá Vinnueftirliti ríkisins frá 1993.

Sjá meðfylgjandi gögn er tilheyra verkinu.



F.H. mannvirkja- og umhverfissviðs
Sigurður Ólafsson



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Deildarstjóri framkvæmda- og tæknideild á Mannvirkja- og umhverfissviði